

<i>Fundarboðandi:</i>	Starfsmaður f.h. formanns	<i>Fundarstaður:</i>	Fjarfundur
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	26.05.2023
<i>Fundarritari:</i>	Esther Hermannsdóttir	<i>Fundartími:</i>	10:00-12:00

Pátttakendur: Sigurborg Daðadóttir (Yfirdýralæknir, formaður fagráðs), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands) Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ) Hilmar Vilberg Gylfason (f.h. Bændasamtaka Íslands) Guðrún Birna Brynjarsdóttir (f.h. Bændasamtaka Íslands) og Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsambands Íslands).

Dagskrá

- Farið yfir fundargerð síðasta fundar
- Umsóknir um framlengingu á leyfum til tilrauna á dýrum
 - Long-term monitoring of small Arctic charr (*Salvelinus alpinus*) in lava caves found around Lake Mývatn.
- Skýrsla um hvalveiðar – Erindi Matvælastofnunar til Fagráðs um velferð dýra
- Bréf ESA vegna blóðmerahalds
- Önnur mál

Umræða

Í byrjun fundar óskaði Guðrún Birna eftir því að báðir fulltrúar Bændasamtaka Íslands sætu næstu fundi vegna anna. Anna Berg óskaði eftir því sama f.h. Dýraverndarsambands Íslands. Umræður um varamenn. Fagráð samþykkir að varamenn sitji fundi ásamt aðalmönnum, með málfrelsi en ekki atkvæðisrétt.

- Farið yfir fundargerð síðasta fundar – fundargerð samþykkt með smávægilegum breytingum.
- Umsóknir um framlengingu á leyfum til tilrauna á dýrum.
 - Long-term monitoring of small Arctic charr (*Salvelinus alpinus*) in lava caves found around Lake Mývatn.

Fagráð veitir jákvæða umsögn. Fulltrúi Bændasamtakanna situr hjá. Fulltrúi DÍs vill benda á að dýr séu ekki hlutir heldur skyni gæddar verur og því eigi ávallt að líta til annarra möguleika við rannsóknir en að notast við dýr sé þess nokkur kostur.

3. Skýrsla um hvalveiðar – Erindi Matvælastofnunar.

Með bréfi 22. maí sl. óskaði Matvælastofnun eftir því, með vísan til hlutverks fagráðs skv. 5. gr. laga 55/2013 um velferð dýra, að fagráð veiti faglegt álit á því hvort það telji að hægt sé að standa þannig að veiðum á stórhvelum að mannúðleg aflífun þeirra sé tryggð. Óskað er eftir því að fagráð leggi fullan þunga í vinnuna og skili niðurstöðu við fyrsta mögulega tækifæri. Formaður kynnti erindið og óskaði eftir umræðu um hvaða sérfræðinga ætti að kalla til og setja málið í farveg. Rætt um að mikið sé til af gögnum til að skoða málið, þ.m.t. er til mikið af myndefni. Umræður um veiðar og aflífun dýra á mannúðlegan hátt. Formaður ráðsins bendir á þörf þess að ræða í samhengi að það sé ólíkt að aflífa dýr í sláturhúsi við stýrðar aðstæður eða veiðar á villtum dýrum. Almennar umræður. Formaður vill að ráðið sammælist um sérfræðinga til að kalla fyrir ráðið. Ákveðið að óska eftir sérfræðingum á fund fagráðs til að ráðið geti beint til þeirra spurningum og heyrð þeirra sjónarmið. Fagráð sammála um að boða Þóru J. Jónasdóttur dýralækni villtra dýra hjá Matvælastofnun og höfund eftirlitsskýrslu um velferð hvala við veiðar á langreyðum á Íslandi 2022, Eddu Elísabetu Magnúsdóttur hvalasérfræðing og lektor við Háskóla Íslands og Egil Ole Øen dýralækni og sérfræðing um hvalveiðar á fund ráðsins 1. júní nk. Þar sem þetta verður eina málið á dagskrá.

4. Bréf ESA vegna blóðmerahalds.

Fulltrúi DÍS óskaði eftir því að þetta mál yrði tekið aftur fyrir af fagráðinu á grundvelli þess að fram væru komin ný gögn um málið. Rætt að mikið sé til af gögnum, Dýralæknafélag Íslands var með umsögn. Almennar umræður. Það var sett af stað rannsókn á Keldum. Kannað verður hjá Keldum að fá bráðabirgðaniðurstöður úr þeirri rannsókn. Samþykkt að taka málið fyrir á grundvelli nýrra gagna.

5. Önnur mál.

Vegafé. Umræða áður tekin. Í fundargerð frá 25. janúar var ákv. að stofna stýrihóp. Málið rætt. Ítrekað að kalla eftir gögnum um afföll sauðfjár á sumarreit og málið verður tekið fyrir á fundi fagráðs í september þegar gögn hafa borist.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 12.